

Sp.

30. Tillaga til þingsályktunar

um kaup ríkissjóðs á ull.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Páll Zóphóniasson, Pétur Ottesen, Jón Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kaupa nú þegar óselda ull frá árunum 1943, 1944 og 1945 því verði, að greiða megi bændum fyrir næstkomandi áramót hið lögákveðna verð fyrir ullarframleiðslu fyrrgreindra ára.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa bændur ekki enn fengið greidda ull sína frá árunum 1943, 1944 og 1945. Þegar sexmannanefndarverðið var ákveðið, var gert ráð fyrir því, að bændum bæri að fá kr. 8.50 fyrir hvert kg af hreinni ull, og hefur ríkissjóður tekið að sér að ábyrgjast ullarframleiðendum það verð fyrir ull framan­greindra þriggja ára.

Sú sala, sem tekizt hefur á ull þessara ára, hefur farið fram að tilhlutan stjórn­arinnar, eða verið gerð með hennar samþykki, enda eðlilegt, að þau vinnubrögð væru viðhöfð, þar sem ríkissjóður þarf að greiða það, sem á vantar, að 8.50 kr. verðið náist við söluna.

Enn er allmikið óselt af ullarbirgðum þessara þriggja ára, sem ábyrgð ríkis­sjóðs nær til, og ekki er víst, hvenær eftirstöðvarnar seljast. Hins vegar virðist ekki ná nokkurri átt, að bændur þurfi lengur að bíða eftir greiðslu, enda sá dráttur, sem orðinn er, þegar búinn að valda þeim tjóni og miklum óþægindum. Mun og hverj­um augljóst, sem um það vill hugsast, að hagur bænda er ekki þannig, að þeir megi við því, að sala á afurðum þeirra dragist árum saman.

Hér er því lagt til, að ríkissjóður kaupi eftirstöðvar ullarinnar fyrir verð, sem tryggir bændum kr. 8.50 fyrir hvert kg ullar frá þessum árum. Það er tvímælalaust ekki hægt að draga lengur þessa ullaruppgærd, og er því ekki um aðra leið að ræða en að ríkissjóður kaupi þá ull, sem nú liggur óseld. Með því þarf hann að vísu að leggja fram nokkra fjárhæð í bili, sem hann fær svo endurgreidda, þegar sala hefur farið fram. — Náist ekki svo hátt verð fyrir ullina, að ríkissjóður verði skaðlaus af, þá er aðeins um halla að ræða, sem honum ber lögum samkvæmt að taka á sig.